

LÖG

um breyting á lögum nr. 107 27. desember 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, sbr. lög nr. 14/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lög in bætist ný gr., 8. gr., sem orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við hlutafélag, sem aðilar í Austur-Barðastrandar-sýslu hafi frumkvæði um að stofnað verði, um kaup eða leigu á eignum félagsins á því verði og með þeim kjörum sem um semst. Sú kvöð skal vera á eignunum að þær séu nýttar við áframhaldandi þörungavinnslu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Heimilt er að lána kaupanda andvirði eignanna til allt að 15 ára og má lánið vera víkjandi þannig að greiðslubyrði verði háð afkomu hins nýja fyrirtækis. Verði gerður leigusamningur um eignir félagsins skal heimilt að semja svo um að hluti leigunnar gangi upp í kaupverð eignanna.

Verði um sölu á eignum Þörungavinnslunnar hf. að ræða skal hlutafélaginu Þörungavinnslunni hf. formlega slitið. Um félagsslit skal fara samkvæmt XIV. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þó þannig að ríkissjóður ábyrgist greiðslur á réttmætum kröfum á hendur félaginu öðrum en hlutafé en yfirtekur jafnframt eignir þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, sbr. lög nr. 69 18. maí 1982, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna, sbr. l. nr. 69/1982, bætast þrjár nýjar málsg. er orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fíksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fíksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á

sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ráða dýralækni án fastrar búsetu til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis eða þegar sérstakt annríki eða vanda ber að höndum í einstökum héruðum.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu að jafnaði starfa að minnsta kosti tveir dýralæknar sem aflað hafa sér sérþekkingar að loknu dýralæknisprófi.

2. gr.

1. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Forseti skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 5. gr. laga nr. 41 25. maí 1984 hef látið fella meginmál laga nr. 23 10. maí 1977, laga nr. 58 24. október 1977, laga nr. 22 18. maí 1981 og laga nr. 41 25. maí 1984 inn í lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

1. gr.

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra,